

# Áskoranir og framtíð framleiðsluiðnaðar á Íslandi

Ársfundur Framleiðsluráðs Samtaka iðnaðarins



26. apríl 2022



# Dagskrá

1. **Ávarp** – Sigurður Hannesson
2. **Ávarp** – Stefán Magnússon, CCEP og fráfarandi formaður Framleiðsluráðs SI
3. **Staða og horfur í framleiðsluiðnaði** – Ingólfur Bender, aðalhogfræðingur SI
4. **Græna iðnbyltingin og áherslumál SI 2022** – Sigríður Mogensen, sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs SI
5. **Skipan nýs framleiðsluráðs SI**
6. **Ávarp nýs formanns**
7. **Áherslur nýs ráðs og upphaf stefnumótunar**

# Dagskrá

- 1. Ávarp – Sigurður Hannesson**
2. Ávarp – Stefán Magnússon, CCEP og fráfarandi formaður Framleiðsluráðs SI
3. Staða og horfur í framleiðsluiðnaði – Ingólfur Bender, aðalhogfræðingur SI
4. Græna iðnbyltingin og áherslumál SI 2022 – Sigríður Mogensen, sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs SI
5. Skipan nýs framleiðsluráðs SI
6. Ávarp nýs formanns
7. Áherslur nýs ráðs og upphaf stefnumótunar



# Dagskrá

1. Ávarp – Sigurður Hannesson
- 2. Ávarp – Stefán Magnússon, CCEP og fráfarandi formaður Framleiðsluráðs SI**
3. Staða og horfur í framleiðsluiðnaði – Ingólfur Bender, aðalhogfræðingur SI
4. Græna iðnbyltingin og áherslumál SI 2022 – Sigríður Mogensen, sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs SI
5. Skipan nýs framleiðsluráðs SI
6. Ávarp nýs formanns
7. Áherslur nýs ráðs og upphaf stefnumótunar

# Fjölbreytt framleiðslufyrirtæki eiga fulltrúa í Framleiðsluráði

Framleiðsluráð er vettvangur stefnumótunar og hagsmunagæslu í fjölbreyttum framleiðsluiðnaði



**Kaupfélag Skagfirðinga**





# Framleiðsluráð

2017-2022

- **Stefán Magnússon, formaður, CCEP**
- **Einar Sveinn Ólafsson, Ískalk**
- **Sigurður Gunnarsson, Ístex**
- **Ingibjörg Steinunn Ingjaldsdóttir, Prentmet**
- **Guðrún Halla Finnsdóttir, Norðurál**
- **Andri Daði Aðalsteinsson, Límtré-Vírnet**
- **Magnús Freyr Jónsson, KS**

# Markmið 2019-2022

Árið 2017 átti sér stað stefnumótun á vettvangi Framleiðsluráðs og frekari verkefni voru skilgreind 2019

## Starfsumhverfi og nýsköpun

### Framleiðni og nýsköpun

Framleiðni eykst í framleiðslufyrirtækjum með bættri gæðastýringu, nýsköpun og fræðslu

## Starfsumhverfi

### Samkeppnishæfni

Hagtölur framleiðslugreina eru uppfærðar reglulega, greining á starfsumhverfi og samkeppnishæfni er því ávallt aðgengileg

## Orka og umhverfi

### Samfélagsleg ábyrgð

Framleiðslufyrirtæki eru samfélagslega ábyrg og vinna saman að því að bæta starfsskilyrði framleiðsluiðnaðar

## Ímyndarmál/Orka og umhverfi

### Ímynd

Auka vægi framleiðslugreina í þjóðfélagslegri umræðu og vekja athygli á gæðum íslenskrar framleiðslu

## Menntun

### Mannauður

Framleiðslufyrirtæki verði eftirsóttir vinnustaðir sem bjóða fjölbreytt störf fyrir fólk á öllum aldri, frá ólíkum löndum og af báðum kynjum

# Árangur hefur náðst í öllum helstu áherslumálum ráðsins

## Dæmi um verkefni á vettvangi SI sem tengjast áherslum Framleiðsluráðs á síðustu árum

### Framleiðni og nýsköpun

- **Hækkun á þaki og hlutfalli vegna endurgreiðslna á kostnaði vegna rannsóknar- og þróunarverkefna.** Þakið hækkaði tímabundið í 1100 milljónir og hlutfallið í 25% fyrir stærri fyrirtæki og 35% fyrir þau minni á árunum 2020 og 2021. Nú liggur frumvarp fyrir Alþingi um áframhald þessa stuðnings.
- **Skattfrádráttur** vegna fjárfestingar einstaklinga í sprotafyrirtækjum í öllum iðnaði hækkaður úr 50% í 75%.
- Fjölmargar aðrar aðgerðir til stuðnings nýsköpunar og hafa skilyrði til nýsköpunar tekið miklum jákvæðum breytingum á síðustu árum.

### Samkeppnishæfni

- SI hafa beitt sér í umræðu og endurskoðun á fyrirkomulagi **upprunaábyrgða á raforku**. Hafa samtökin itrekað skorað á stjórnvöld að endurskoða þátttöku íslenska ríkisins í samevrópsku regluverki þess efnis ásamt því að að stíga inn í opinbera umræðu um þessi mál af fullum þunga.
- SI hafa lagt ríka áherslu á breytingar á **framkvæmd opinbers eftirlits**. Hefur áhersla verið lögð á skilvirkni í þeirri framkvæmd, einfalda samskipti með rafrænum hætti, lágmarka kostnað af eftirliti ásamt því að sameina eftirlitsstofnanir þar sem því verður komið við.
- **SI hafa lagt ríka áherslu á breytingar í raforkumálum.** Þegar hefur margt áunnist en enn eru tækifæri til að vinna að frekari breytingum. Sem dæmi um áherslumál er að nú er unnið að breytingum á eignarhaldi Landsnets, einstaka breytingar hafa verið gerðar á fyrirkomulagi WACC, opnað hefur verið á framleiðslu framleiðslufyrirtækja á orku úr iðnaðarferlum og þá er til skoðunar hjá stjórnvöldum breytingar á gjaldtöku fyrir sérleyfiskostnað millistórra notenda.

### Samfélagsleg ábyrgð

- SI hafa lagt áherslu á umhverfismál og var m.a. síðasta Framleiðsluþing helgað þeim málaflökki. Þá komu SI að stofnun **Grænvangs** með beinum hætti og er framkvæmdastjóri SI formaður stjórnar. Árið 2022 er helgað umhverfis- og loftslagsmálum undir formerkjum Árs grænnar iðnbyltingar.
- **Iðnþing SI árið 2022 var lagt undir málefni á sviði umhverfis- og loftslagsmála** og munu samtökin fylgja þeim áherslum eftir út árið sem og komandi ár með ýmsum hætti.
- SI voru þátttakendur í samstarfi samtaka við vinnu við **Loftslagsvegvisi atvinnulífsins** sem samtökin gáfu út í júní 2021. Í umræddum vegvisi var farið jafnt yfir áskoranir og tækifæri í þessum málum og lagðar til ábendingar til stjórnvalda um hindranir í þeirri vegferð fyrirtækja að umbreyta starfsemi í þágu umhverfis- og loftslagsmála. Nú þegar er í undirbúningi vinna við næsta áfanga þess verkefnis.

### Ímynd

- SI áttu frumkvæði að því að koma á fót markaðsverkefninu **"Íslenskt - láttu það ganga"**. Íslenskt láttu það ganga er átaksverkefni stjórnvalda og atvinnulífs sem sett var á laggirnar til að vekja athygli á og hvetja til þess að landsmenn velji íslenskar vörur, þjónustu og verslanir.
- **Reglulegar jákvæðar fréttir af framleiðslufyrirtækjum** á vef SI og í fjölmiðlum í gegnum SI.
- Vefsíða SI uppfærð daglega með fréttum af félagsmönnum og starfi SI sem styður við hagsmunagæslu og eflir ímynd iðnaðar.
- **Hagtölur framleiðsluiðnaðar uppfærðar reglulega** og aðgengilegar. Margvíslegar greiningar hafa verið gerðar á starfsumhverfi iðnfyrirtækja, meðal annars framleiðslufyrirtækja.

### Mannauður

- **GERT verkefnið.** Samstarfsverkefni SI, menntamálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Markmiðið er að auka áhuga grunnskólanema á raunvísindum, og tækni-, iðn- og verkmenntun.
- **#Fyrir mig verkefnið.** Samstarfsverkefni um eflingu tæknimenntunar. Auka áhuga á starfs- og tækninámi í grunnskólum. Bæta aðgengi að starfs- og tæknimenntun á landsbyggðinni. Rýna tækifæri til úrbóta. Ný reglugerð um vinnustaðanám tók gildi 2021. Breyting á lögum um háskóla komin í gegn.
- **Nemastofa.** Samstarfsvettvangur atvinnulífsins um bætt vinnustaðanám. Ýmis kynningarverkefni, markmiðið að kynna iðn- og starfsnám og fjölbreytt störf í iðnaði. Rafrænar ferilbækur o.fl.






# Dagskrá

1. **Ávarp** – Sigurður Hannesson
2. **Ávarp** – Stefán Magnússon, CCEP og fráfarandi formaður Framleiðsluráðs SI
3. **Staða og horfur í framleiðsluiðnaði** – Ingólfur Bender, aðalhogfræðingur SI
4. **Græna iðnbyltingin og áherslumál SI 2022** – Sigríður Mogensen, sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs SI
5. **Skipan nýs framleiðsluráðs SI**
6. **Ávarp nýs formanns**
7. **Áherslur nýs ráðs og upphaf stefnumótunar**


# Sýnilegur viðsnúningur í framleiðsluþætti

Veltan að aukast og störfum að fjölga samhliða vexti í hagkerfinu

Velta í framleiðsluþætti,  
án framleiðslu málma, ma.kr.




Fjöldi starfandi í framleiðsluþætti




# Vöxtur tekinn við af samdrætti í efnahagslífinu

Uppsveiflan hófst á öðrum ársfjórungi í fyrra

Hagvöxtur, %




Landsframleiðsla, ma.kr.




# Iðnaðarframleiðsla í helstu ríkjum að taka við sér

Vöxtur í iðnaðarframleiðslu samhliða viðsnúningi í alþjóðahagkerfinu

Landsframleiðsla, magnvísitölur




Iðnaðarframleiðsla, magnvísitölur




# Hvernig metur þú aðstæður í efnahagslífinu á Íslandi fyrir þitt fyrirtæki?

Könnun meðal félagsmanna í febrúar/mars 2022

## Framleiðsluiðnaður




## Iðnaður í heild




## Ef horft er 6-12 mánuði fram í tímann, hvernig metur þú aðstæður í efnahagslífinu fyrir þitt fyrirtæki m.v. aðstæður í dag?

### Framleiðsluiðnaður




### Iðnaður í heild



# Miklar verðhækkunir á hrávöru og flutningum

Ójafnvægi framboðs og eftirspurnar kallar fram mikla verðhækkun


Alþjóðlegt flutninga- og hrávöruverð, vísitölur




# Miklar launahækkkanir búnar að vera þrátt fyrir slaka

Miklar launahækkkanir í litlu samræmi við niðursveifluna í hagkerfinu

Laun og kaupmáttur,  
12 mán. breyting %



Atvinnuleysi  
skv. uppl. Vinnuálagstofnunar, %







# Raungengi krónunnar hátt og að hækka í upphafi uppsveiflu

Hátt og hækkaði raungengi gerir framleiðsluþnaði erfiðara fyrir í erlendri samkeppni

Raungengi krónunnar m.v. laun




Gengi krónunnar gagnvart evru, dollara og pundi



# Verðbólgan mikil og hefur verið á hraðri uppleið

Innlendir og erlendir þættir hafa verið að auka verðbólguna

Verðbólga eftir uppruna, %




Markaðsverð íbúðahúsnæðis,  
12. mánaða breyting %




# Seðlabankinn bregst við með hækkun stýrivaxta

SBÍ er búinn að hækka stýrivexti sína um 2 prósentustig á innan við einu ári

Meginvextir Seðlabankans, vextir á 7 daga bundnum innlánum, %



Verðbólguþáttur og verðbólguþáttur Seðlabankans, %



# Vöxtur í framleiðsluiðnaði en áskoranir margar

Eftirspurn að aukast en kostnaður við aðföng að hækka og innlendir kostnaður hár



- Vöxtur hafinn á ný í framleiðsluiðnaði
- Eftirspurn að aukast á ný. Aukin einkaneysla og fjárfesting skapa aukna spurn eftir framleiðsluvörum



- Áskoranir í hækkun á verði hrávara og flutninga
- Miklar innlendir launahækkanir áhyggjuefni
- Hátt og hækkandi raungengi í upphafi uppsveiflu áskorun
- Vaxtahækkanir hafnar



- Efnahagshorfur almennt góðar bæði hér á landi og víða í helstu viðskiptalöndunum
- En blikur á lofti vegna stríðsátaka
- Horfur í framleiðsluiðnaði ágætari en áskoranir margar

# Dagskrá

1. **Ávarp** – Sigurður Hannesson
2. **Ávarp** – Stefán Magnússon, CCEP og fráfarandi formaður Framleiðsluráðs SI
3. **Staða og horfur í framleiðsluiðnaði** – Ingólfur Bender, aðalhogfræðingur SI
4. **Græna iðnbyltingin og áherslumál SI 2022** – Sigríður Mogensen, sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs SI
5. **Skipan nýs framleiðsluráðs SI**
6. **Ávarp nýs formanns**
7. **Áherslur nýs ráðs og upphaf stefnumótunar**

# Græn iðnbylting stendur nú yfir

## Orkuskipti, nýsköpun og fjárfestingar

- **Græn iðnbylting** (e. green transition) stendur nú yfir þar sem ríki heims hafa sammælst um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Ólíkt öðrum iðnbyltingum þá er drifkraftur breytinganna ekki ný tækni heldur vilji stjórnvalda til breytinga. Eigi metnaðarfull áform stjórnvalda heims fram að ganga þá þurfa að eiga sér stað orkuskipti, nýsköpun, tækniþróun og mjög miklar fjárfestingar. Það gerist með vitundarvakningu meðal almennings en fyrst og fremst með þróun í atvinnulífi og þess vegna er samstarf stjórnvalda og atvinnulífs forsenda árangurs. Samtök iðnaðarins tóku forystu í stofnun Grænvangs, samstarfsvettvangs stjórnvalda og atvinnulífs um orkuþekkingu og grænar lausnir árið 2019.

Orkuskipti

Nýsköpun

Fjárfestingar

Vitundavakningin hefur skilað tilætluðum árangri en **tími aðgerða er runninn upp**

# Græn iðnbýlting

## Orkuskipti, nýsköpun og fjárfestingar

- Efnahagslegur ávinningur hefur verið drifkraftur breytinga í öðrum iðnbýltingum þar sem ný tækni og nýtt verklag kemur í stað fyrri aðferða. Slíkt þarf að verða til þess að ná fram markmiðum stjórnvalda í grænu iðnbýltingunni. Það gerist með nýsköpun, tækniþróun, umskiptum í hráefnanotkun, orkuskiptum og miklum fjárfestingum.



- Orkuskipti** eru nauðsynlegur þáttur í grænu iðnbýltingunni og mun framleiðsla hreinnar orku aukast verulega. Þar stendur Ísland vel að vígi enda hefur hrein orka verið virkjuð jafnt í þágu almennings sem og verðmætasköpunar. Fleiri kostir til framleiðslu hreinnar orku eru til staðar til að mæta þörfum orkuskipta þar sem jarðefnaeldsneyti er skipt út fyrir endurnýjanlega orkugjafa. Aðgerða er þörf í orkumálum.

- Með **nýsköpun** verða til nýjar lausnir og nýir ferlar sem draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Þess er þörf í ýmsum iðnaði og forsenda orkuskipta. Hvetja þarf til nýsköpunar á þessu sviði og á grundvelli hennar hafa orðið til lausnir sem eru mikilvægt innlegg í grænu iðnbýltinguna.

- Umskipta í hráefnanotkun** er þörf til að draga úr umhverfisáhrifum og að teknu tilliti til hringrásarhagkerfisins þar sem áhersla er lögð á minni úrgang og aukna nýtingu yfir líftíma afurðar.

- Hvetja þarf til grænna fjárfestinga** þar sem lausnir eru til staðar. Þetta gerist til dæmis með efnahagslegum hvötum og ívilnunum, með beinum stuðningi t.d. úr sjóðum eða með því að sumar nýjar lausnir geta nú þegar verið efnahagslega hagkvæmari en eldri lausnir.

# Fjölbreytt græn tækifæri



**Gagnþjónusta**



**Líftækni**




**Matvælaframleiðsla**



**Rafhlöður**



**Laxeldi á landi**



**Vetni og rafeldsneyti**



# Drifkraftar eftirspurnar orku

## Drifkraftar eftirspurnar orku

---

1

**Orkuskipti**

2

**lønauður og atvinnulíf**

3

**Samfélag/almenn notkun**

# Stefnumótun

Margvísleg stefnumótun stjórnvalda tengist eflingu græns iðnaðar sem nýtir endurnýjanlega orku, m.a. græni dregillinn, grænir iðngarðar og útflutningsstefna Íslands

**Framtíðarstefna  
fyrir íslenskan  
útflutning (2019)**

**Viljayfirlýsing  
stjórnvalda, stóriðju og  
OR um hreinsun og  
bindingu kolefnis (2019)**

**Grænir  
iðngarðar á  
Íslandi (2021)**

**Græni dregillinn  
(2021)**

**Byggðaáætlun  
(2018-2024)**

# Útflutningstekjur og verðmætasköpun




Orkusækin iðnaður skapar nú um **fjórðung** útflutningstekna og er ein af mikilvægustu útflutningsstoðum Íslands.



Samkvæmt orkustefnu Íslands til ársins 2050 á **orkan** að vera **hreyfiafl fjölbreyttrar atvinnustarfsemi**.




Orkusækin iðnaður hefur **þróast á Íslandi á síðustu árum** og hefur fjölbreytni aukist, meðal annars með tilkomu gagnavera hér á landi.



Núverandi stórnotendur hafa margir hverjir hug á **auknum fjárfestingum og vaxtaáform eru til staðar**, m.a. hjá álverum, gagnaverum og í líftækni iðnaði.

Fyrirséð er að bætast muni í hóp stórnotenda raforku á komandi árum.

# Ítrustu kröfur í landvernd





# Áherslur í komandi kjarasamningsviðræðum

## Samantekt

- Svigrúm til launahækkana er lítið sem ekkert** → Í því samhengi er vísað til krefjandi rekstrarumhverfis síðastliðin tvö ár vegna Covid-19, mikilla launahækkana undanfarin ár, aukinnar verðbólgu og hækkandi hráefniskostnaðar.
- Einföldun kjarasamnings** → Áhersla er lögð á að kjarasamningar verði einfaldaðir. Þar er meðal annars átt við að einfalda þurfi yfirvinnu 1 og 2.
- Veikindaréttur og læknisvottorð** → Borið hefur á aukningu á langtímaveikindum sem hafa reynst atvinnurekendum þungbær. Fara þarf yfir ákvæði veikindaréttar í heild sinni. Til að mynda er fyrsti veikindadagur ekki greiddur af atvinnurekanda í hinum Norðurlöndunum.
- Skipulag vinnutíma og sveigjanleiki** → Stytting vinnutíma þarf að haldast í hendur við óskert afköst.
- Lágmarkstaxtar** → Ef kemur til þess að lágmarkstaxtar verði hækkaðir er gerð sú krafa að álagsgreiðslur lækki á móti.
- Fyrirkomulag kjaraviðræðna** → Nauðsynlegt er að ávallt sé settur tímarammi um upphaf samningsviðræðna sem miði að því að hefja viðræður töluvert áður en samningar renna út.
- Aðkoma að samningsgerðinni** → Æskilegt væri að aðildarfélögin fengu send fyrstu drög samninga og fengju tækifæri til þess að veita umsögn.



# Iðnaður og hugverk

## Almennar áherslur

- Þrátt fyrir fjölbreytta starfsemi undirfélaganna og starfsgreinahópanna og mismunandi kjarasamninga má greina sameiginlegar áherslur fyrir komandi kjarasamningsviðræður þvert á hópana. Það er skýr sameiginleg afstaða að svigrúm til launahækkana sé lítið sem ekkert. Í því samhengi er vísað til krefjandi rekstrarumhverfis síðast liðin tvö ár vegna Covid-19, örra launahækkana undanfarin ár og hækkandi verðbólgu og hráefniskostnaðar. Þá telja aðilar að launahækkarnir hér á landi hafi verið hlutfallslega of háar og örar sem skerði samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja enda sé starfsafl mun ódýrara í samkeppnislöndum.

# Iðnaður og hugverk

## Sértækar áherslur

### Einföldun kjarasamnings

- Lögð er áhersla á að kjarasamningar verði einfaldaðir. Borið hefur á því að launþegar eigi erfitt með að skilja inntak samninganna og þeir gjarnan mistúlkaðir. Í núverandi samningum hafa ýmis álitamál komið upp og hefur það fallið í skaut atvinnurekenda að túlka óljós ákvæði. Einfalda þarf yfirvinnu 1 og 2. Í framkvæmd eru slíkir taxtar erfiðir þar sem eðli einstakra greina er ekki sambærilegt við skrifstofustörf. Þá þarf að einfalda orðalag samninga og taka út gamlar bókanir, orðalag og annað sem á ekki við.

### Veikindaréttur og læknisvottorð

- Borið hefur á aukningu á langtímaveikindum sem hafa reynst atvinnurekendum þungbær. Fara þarf yfir ákvæði veikindaréttar í heild sinni og líta til Norðurlandanna, til að mynda er fyrsti veikindadagur ekki greiddur af atvinnurekanda í hinum Norðurlöndunum. Takmörkun veikindaréttar eða aðkoma hins opinbera eða sjóða til greiðslu á veikindarétti myndi styðja við fyrirtæki sem hafa ekki bolmagn til þess að greiða starfsfólki laun án vinnuframlags.

### Ferðatími sem vinnutími

- Ákvæði hvað varða ferðatíma til og frá vinnu þurfa að vera skýrari og ítarlegri.

### Skipulag vinnutíma og sveigjanleiki

- Stytting á vinnutíma þarf að haldast í hendur við óskert afköst. Þörf er á því að hafa mælikvarða á vinnuframlag. Ákall er um að sveigjanleiki á vinnustað skuli metinn til kjara þ.e. fyrirkomulag á styttingu vinnuvikunnar, persónulegar erindagjörðir starfsfólks á vinnutíma og aukið svigrúm til fjarvinnu.

### Laun ungmenna og iðnnema

- Að mati undirfélaga og starfsgreinahópa eru laun ungmenna og iðnnema of há. Æskilegt væri að horfa til Norðurlandanna og þá umgjörð og taxa sem þar eru í gildi.



# Iðnaður og hugverk

## Sértækar áherslur frh.

### Lágmarkstaxtar

- Ef kemur til þess að lágmarkstaxtar verði hækkaðir er gerð sú krafa að álagsgreiðslur lækki á móti.

### Aðkoma að samningsgerðinni

- Æskilegt væri að aðildarfélög fengu send fyrstu drög samninga, eða þeirra hugmynda sem liggja fyrir og semja á um og fengu tækifæri til þess að veita umsögn.

### Fyrirkomulag kjaraviðræðna

- Nauðsynlegt er að ávallt sé settur tímarammi um upphaf samningsviðræðna sem miði að því að hefja viðræður töluvert áður en samningar renna út. Gefa þarf aðildarfélagunum færi á að koma með hugmyndir að áherslum, líkt og gert hefur verið í ár. Tilfni er til þess að athuga hvort hægt sé að semja til lengri tíma en þriggja ára, þannig næðist betra skipulag innan fyrirtækjanna og aukinn fyrirsjáanleiki.



# Iðnaður og hugverk

## Samantekt

- Þegar litið er til áherslna undirfélaga og starfsgreinahópa má sjá að heilt yfir er skýr afstaða gegn frekari hækkunum í komandi kjarasamningsviðræðum. Þá má sjá greinilegt ákall um að litið verði til Norðurlandanna við tilhögun kjarasamningsgerðar og stuðst verði við samnorrænt fyrirkomulag í komandi kjarasamningsviðræðum. Það er mat ofangreindra aðila að kjarasamningar og launaþróun undanfarinna ára hafa vegið verulega að samkeppnishæfni íslenskra iðnfyrirtækja sem eru í útflutningi eða beinni samkeppni við innflutning. Vandséð er hvernig sú þróun geti haldið áfram án þess að komi til forsendubrests í rekstri atvinnurekenda. Að lokum er mikilvægt að lagt verði raunsætt mat á núverandi aðstæður sem og framtíðarhorfur fyrir atvinnurekendur. Í því mati vega þungt þær takmarkanir sem atvinnurekendur hafa fengist við undanfarin tvö ár og ljóst er að afleiðingar þessa munu halda áfram að hafa áhrif á rekstrarafkomu fyrirtækjanna næstu misserin.



# Dagskrá

1. Ávarp – Sigurður Hannesson
2. Ávarp – Stefán Magnússon, CCEP og fráfarandi formaður Framleiðsluráðs SI
3. Staða og horfur í framleiðsluiðnaði – Ingólfur Bender, aðalhogfræðingur SI
4. Græna iðnbyltingin og áherslumál SI 2022 – Sigríður Mogensen, sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs SI
- 5. Skipan nýs framleiðsluráðs SI**
6. Ávarp nýs formanns
7. Áherslur nýs ráðs og upphaf stefnumótunar



# Skipan Framleiðsluráðs 2022-2023

## Nafnalisti

- **Björn Ingi Victorsson**, **formaður**, Steypustöðin
- **Einar Sveinn Ólafsson**, Ískalk
- **Sigurður Gunnarsson**, Ístex
- **Ingibjörg Steinunn Ingjaldsdóttir**, Prentmet
- **Guðrún Halla Finnsdóttir**, Norðurál
- **Andri Daði Aðalsteinsson**, Límtré-Vírnet
- **Reynir Bragason**, Össur



# Dagskrá

1. **Ávarp** – Sigurður Hannesson
2. **Ávarp** – Stefán Magnússon, CCEP og fráfarandi formaður Framleiðsluráðs SI
3. **Staða og horfur í framleiðsluiðnaði** – Ingólfur Bender, aðalhogfræðingur SI
4. **Græna iðnbyltingin og áherslumál SI 2022** – Sigríður Mogensen, sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs SI
5. **Skipan nýs framleiðsluráðs SI**
- 6. **Ávarp nýs formanns****
7. **Áherslur nýs ráðs og upphaf stefnumótunar**



# Dagskrá

1. **Ávarp** – Sigurður Hannesson
2. **Ávarp** – Stefán Magnússon, CCEP og fráfarandi formaður Framleiðsluráðs SI
3. **Staða og horfur í framleiðsluiðnaði** – Ingólfur Bender, aðalhogfræðingur SI
4. **Græna iðnbyltingin og áherslumál SI 2022** – Sigríður Mogensen, sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs SI
5. **Skipan nýs framleiðsluráðs SI**
6. **Ávarp nýs formanns**
7. **Áherslur nýs ráðs og upphaf stefnumótunar**